



Ársfundur 10. maí 2016 Skýrsla stjórnar flutt af Eiríki Birni Björgvinssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2015 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabíl rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er byggður á ríkistryggðum verðbréfum.

Uppgjör sjóðsins var nú gert miðað við nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í þessu nýju reglum er meginreglan sú að eignir skuli metnar á gangvirði og er ársreikningurinn byggður á því. Hægt er að túlka ýmis atriði reglanna á mismunandi vegu og líklegt er að einhver atriði eigi eftir að breytast þegar meiri reynsla kemst á notkun þeirra. Við upptöku nýju reglnanna þurfti að breyta fyrra árs tölum til samræmis og endurreikna ýmsar kennitölur aftur í tímam. Þetta reyndist viðamikilið verk og tímafrekt. Það er þó skoðun okkar að nýju reglurnar séu að flestu leyti til bóta.

Ávöxtun sjóðsins var mjög góð á árinu, nafnávöxtun var 11,2% og hrein raunávöxtun var 9% samanborið við 5,7% nafnávöxtun og 4,7% raunávöxtun á árinu 2014. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 5,3% og 4,3% ef horft er til síðustu 10 ára sem er með bestu ávöxtun lífeyrissjóða á landinu.

Þessa góðu niðurstöðu ársins 2015 má að stórum hluta rekja til góðrar ávöxtunar hlutabréfa og skilar sér vel sú breyting sem stjórnin hefur gert á fjárfestingarstefnu á síðustu árum þar sem sjóðurinn hefur aukið vægi innlendra hlutabréfa og skammtímabréfa á kostnað ríkisskuldbréfa. Stjórnin ákvað að auka enn í við gerð fjárfestingarstefnu fyrir árið 2016 og markmið sjóðsins er að innlend hlutabréf verði 17% af samsetningu eigna sjóðsins í árslok 2016 auk þess sem gert er ráð fyrir að auka vægi annarra skuldabréfa þannig að þau verði 21% af eignasafni sjóðsins í árslok. Þrátt fyrir þessar breytingar er óhætt að halda því fram að fjárfestingarstefna sjóðsins sé enn varfærin, áhættustig sjóðsins áfram lágt og hann vel innan skilgreindra áhættuviðmiða.

En þrátt fyrir góða ávöxtun á árinu versnaði tryggingafræðileg staða sjóðsins um 706 milljónir króna á árinu sem rekja má til mikilla hækkana á launum.

Það er ekki ætlan mín að fara nánar ofan í tölur og rekstur sjóðsins en hér á eftir munu starfandi framkvæmdstjóri, fjárfestingarstjóri og áhættustjóri fara betur í þá þætti.

Störf stjórnar voru með hefðbundnum sniði á árinu og hefur stjórnin fundað alls 6 sinnum frá síðasta ársfundi en 242. fundur stjórnar sjóðsins var einmitt haldinn fyrr í dag.

Góðir fundarmenn

Það er öllum ljóst sem á þessum ársfundi eru að skugga bar á hjá Stapa lífeyrissjóði, sem sér um rekstur sjóðsins, fyrir nokkrum dögum þegar framkvæmdastjóri sjóðsins sagði starfi sínu lausu og vék úr starfi. Ég vil nota þetta tækifæri hér og þakka honum gott samstarf á liðnum árum.

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur stjórnsins verið í föstum skorðum á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur verði með svipuðu sniði á árinu.

Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka starfsmönnum Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.